

slysið varð, hafi eyðilagzt, og verður því að taka þenna lið til greina að fullu.

Verða lok málsins því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1425.00 með 5% ársvöxtum frá 21. apríl 1939 til greiðsludags og málskosnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Elías Sigurðsson, greiði stefnanda, Sesselju Sigurðardóttur, kr. 1425.00 með 5% ársvöxtum frá 21. apríl 1939 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. maí 1940.

Nr. 26/1940. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Bjarna Einarssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Með tilvísun til forsendna héraðsdómsins þykir bera að staðfesta hann, þó með þeim breytingum, að sektin verði 200 krónur og afplánist með 12 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, og að kærði verði sviptur rétti til bifreiðarstjórnar 6 mánuði frá birtingu dóms þessa talið.

Kristján sá Þórðarson, er lét það viðgangast, að kærði ók bifreiðinni R 368, er Kristján virðist þá hafa haft umráð yfir, virðist þar með hafa gerzt brotlegur við ákvæði 15. gr. bifreiðalaga nr. 70/1931 og 40.

gr. áfengislaga nr. 33/1935, en eigi sést, að Kristján þessi hafi verið látinn sæta ábyrgð fyrir þetta atferli sitt.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Bjarni Einarsson, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ennfremur skal kærði hafa fyrirgert rétti til bifreiðarstjórnar 6 mánuði frá birtingu dóms þessa talið.

Kærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Garðars Þorsteinssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. marz 1940.

Ár 1940, mánudaginn 18. marz, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Einari Arnalds, uppkveðinn dómur í málinu nr. 435/1940: Valdstjórnin gegn Bjarna Einarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Bjarna Einarssyni, verkamanni, Laufásvegi 58 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. júní 1920, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kær-um og refsingum:

- 1937 $\frac{6}{11}$ Aðvörðun fyrir að hjóla án ljóss og hanga í bifreið.
 1938 $\frac{3}{2}$ Sætt: 20 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.
 1938 $\frac{2}{9}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51 1928.
 1938 $\frac{2}{12}$ Sætt: 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
 1939 $\frac{3}{8}$ Sætt: 20 kr. sekt fyrir ógætilegan bílakstur og árekstur.
 1939 $\frac{1}{10}$ Kærður fyrir áflog. Látið falla niður.

Með eigin játningu kærða og framburði vitna er sannað, að hann ók bifreiðinni R. 368 um götur bæjarins að kvöldi hins 6. þessa mánaðar og var þá undir áhrifum áfengis. Reyndist áfengismagn í blóði kærða, er af honum var tekið rétt eftir aksturinn, 1.80‰. Hefir kærði þannig brotið 21., sbr. 39. gr. áfengislaganna, 5. gr. 3. mgr., sbr. 14. gr. bifreiðalaganna, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann ber að svipta leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Bjarni Einarsson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.